

Aðalfundur Smalahundafélags Íslands

haldinn að Hvítárþakka í Borgarfirði 27. okt. 2007

Hilmar Sturluson formaður setti fundinn og samþykkt var að Gísli Þórðarson yrði fundarstjóri og Unnur Ólafsdóttir fundarritari.

Hilmar flutti skýrslu stjórnar og sagði frá því starfi sem stjórnin afrekaði.

Gjaldkeri gat ekki mætt á fundinn en sendi reikninga sem ekki voru yfirfarðir af skoðunarmanni reikninga og voru þeir samþykktir með fyrirvara um endurskoðun Lárusar á Gilsá. Reikningar verða birtir á netinu sem viðhengi við þessa fundargerð þegar þeir hafa borist endurskoðaðir.

Inntaka nýrra félaga: Guðmundur Emilsson óskaði eftir inngöngu í félagið og var hann samþykkur inn.

Umræða spannst um háa gjaldtöku bankans vegna innheimtu félagsgjalda og kom fram sú tillaga að senda bréf til allra félaga um að millifæra félagsgjaldið á reikning félagsins og spara þannig nálægt 45.000 kr.

Kosningar: Hilmar formaður er búin að vera 3 ár í stjórn á átti að ganga út núna en var endurkjörin til þriggja ára.

Skoðunarmenn reikninga voru kosnir: Lárus Sigurðsson og Þorvarður Ingimarsson.

Varamaður í stjórn: Gunnar Guðmundsson endurkjörinn og er varamaður ásamt Sverri Möller.

Önnur mál.

Hilmar byrjaði umræðu um hvernig skyldi staðið að kostnaði við erlenda dómara, stjórn hefði samþykkt að greiða fargjald dómans að ósk Borgarfjarðardeildar, sem er í samræmi við umræður og samþykktir á aðalfundi 2006. Umræður voru um þetta og var samþykkt að greiða þennan kostnað sem var 43.020 kr. En í framhaldi af þessari umræðu kom fram tillaga sem hljóðar þannig:

Tillaga til aðalfundar SFÍ. Aðalfundur SFÍ haldinn að Hvítárþakka 27. Okt 2007 samþykkir að greiða Borgarfjarðardeild SFÍ kr. 60.000 vegna kostnaðar við að fá erlendan dómara á landskeppnina. Að auki greiðir SFÍ flugfarið að fullu.

Umræður.

Tillagan samþykkt.

Sverrir Möller var með gott boð frá Gunnari Einarssyni um að hann skyldi halda landskeppni 2008 á Daðastöðum, aðalfundur SFÍ þakkar gott boð.

Sverrir Möller ræddi um kosti og galla við framkvæmd keppinnar og hvernig staðið skuli að því að auglýsa þessa keppni og einnig að auglýsa skuli vel þá styrktaraðila sem styrkja keppnina.

Umræðan barst að því að miðla fréttum til félagsmanna og bauð Harpa J. Reynisdóttir sig fram til að gefa út fréttabréf, sem hún gerði með miklum sóma hérna fyrr á árum.

Sverrir vill að gert verði átak í að hvetja fólk til að skrá hunda hjá félaginu.

Samþykkt var að hafa úrslit í þessari keppni þannig að það rennsli gildi sem fær flest stig.

10 félagar sátu fundinn.

Fundi slitið

Unnur Ólafsdóttir fundarritari

